

Ed. 260. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930 hljóði svo: Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 12. júní s.l. og hér með fylgja, að öðru leyti en því, að ákvæði til bráðabirgða er fellt burt.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að í 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930 sé ákveðið, að kjósa skuli fimm menn í bankaráð Útvegsbanka Íslands h.f., en hinsvegar vanti í greininni ákvæði um kosningu varamanna bankaráðsmanna. Er því hætta á því að meiri hluti bankaráðsins geti orðið forfallaður og bankaráðið því ekki ályktunarfært. Samkvæmt þessu verðum Vér að telja brýna nauðsyn samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930 hljóði svo: Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á næsta aðalfundi Útvegsbankans skal kjósa varamenn fyrir alla fulltrúaráðsmenn til jafnlangs tíma og aðalfulltrúaráðsmennirnir, sem nú eru, eru kosnir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.